

Afsláttur af fasteignaskatti fer eftir samþykktum sveitarstjórnar frá 7. febrúar 2006.

Samkv. 3. gr. þeirrar samþykktar geta þeir sem eru eldri en 67 ára, og þeir sem eru 75% öryrkjar eða meira, sótt um afslátt á fasteignagjöldum þeirrar íbúðar sem þeir búa í og ekki er nýtt af öðrum tekjuviðmiðið er í lið 7.

Leggja skal inn skriflega umsókn til hreppsskrifstofu ásamt staðfestu skattframtali næstliðins árs.

Umsókn öryrkja skal ennfremur fylgja vottorð um örorkumat. Við ákvörðun afsláttar skal einnig tekið tillit til tekna maka.

Umsóknir eru afgreiddar af sveitarstjóra á grundvelli tekjuviðmiðunar sem hreppsnefnd ákveður hvert ár.

Tekjuviðmiðun vegna afsláttar frá fasteignaskatti 2014

Tekjur einstaklinga	Afsláttur
Frá 0 kr. til 2.256.151 kr.	100%
Frá 2.256.152 kr. til 2.582.566 kr.	80%
Frá 2.582.567 kr. til 2.734.485 kr.	60%
Frá 2.734.486 kr. til 2.895.335 kr.	40%
Frá 2.895.336 kr. til 3.065.649 kr.	20%
Frá 3.065.650 kr. og hærrí	0%

Tekjur hjóna	Afsláttur
Frá 0 kr. til 3.436.657 kr.	100%
Frá 3.436.658 kr. til 3.746.160 kr.	80%
Frá 3.746.161 kr. til 4.053.972 kr.	60%
Frá 4.053.973 kr. til 4.363.478 kr.	40%
Frá 4.363.479 kr. til 4.674.658 kr.	20%
Frá 4.674.659 kr. og hærrí	0%